



Kjalarnes.is



FRÉTTABRÉF FÉLAGASAMTAKA Á KJALARNESI

WWW.KJALARNES.IS

9. jan. 2009

Abyrgðarmaður:

Guðni Ársæll Indriðason
kjalarnes@kjalarnes.is

KÆRU KJALNESINGAR NÆR OG FJÆR

Við óskum ykkur gleðilegs nýs árs með von um farsæld á árinu og um leið þökkum við fyrir árið sem var að líða. Íþróttastarfið má segja að hafi blómstrað á árinu. Sumarið leið með þátttöku í Skagamóti knattspyrnumanna og öðrum mótum með frækilegum sigrum okkar manna, fimleikastelpurnar æfðu fram í júní og tóku svo sumarfrí. Haustið gekk í garð og hefðbundið íþróttastarf líka. Í október fengum við svo badminton þjálfara sem hefur haldið vel utan um sína krakka sem sýna góða takta með spaðann og vonandi verður svo áfram. Krakkarnir okkar hafa staðið sig mjög vel í öllum íþróttagreinum.

Íþróttastarfið hefst fljótlega aftur í janúar og verður knattspyrna, fimleikar, badminton og til viðbótar því þá verður einnig boðið upp á klappstýrunámskeið og Power sport námskeið á vorönn. Við vonumst til þess að með því geti nú unglíngarnir fundið eitthvað við sitt hæfi en hér er um að ræða bæði krefjandi og skemmtileg námskeið sem reyna bæði á líkamlegan styrk og þol. Því miður getum við ekki boðið uppá sundæfingar eins og til stóð.

Við viljum minna foreldra á að nýta sér **frístundakortið** sem var kr. **25.000** fyrir árið 2008 og verður sama upphæð fyrir árið 2009. Við viljum brýna fyrir fólki að ganga úr skugga um að allar upplýsingar um iðkanda séu til staðar hjá UMFK en það flýtir fyrir afgreiðslu Frístundakorts. Eyðublað liggja frammi í Íþróttamiðstöðinni en einnig má senda tölvupóst til gunnagrims@simnet.is

Frístundakortið virkar með þeim hætti að ef barn er skráð í æfingar hjá UMFK þá sér félagið um að senda upplýsingar um þá skráningu til ÍTR og inn á Rafræna Reykjavík. Foreldri fyllir út eyðublað hjá UMFK og óskar eftir að ráðstafa styrknum þar, að hluta til eða öllum. Dregst þar með sú upphæð frá æfingagjöldum og foreldri greiðir mismun til félagsins. Eftir það fer foreldri barnsins **inn á Rafræna Reykjavík og samþykkir** þar að styrknum verði ráðstafað til viðkomandi íþróttafélags fyrir viðkomandi barn. Athugið að styrknum má ráðstafa hjá fleiri en einu félagi og skipta að vild forráðamanna.

Allar nánari upplýsingar er hægt að nálgast á www.reykjavik.is

Æfingagjöld verða greidd í gegnum frístundakortið og/eða inná reikning UMFK.

Við viljum einnig minna á systkina afsláttinn sem er 20% á hvert systkini í hverri deild!

Hverfisráð Kjalarness hefur ákveðið að styrkja Ungmennafélagið um kr. 35.000,- og viljum við þakka fyrir góðan stuðning. Að lokum hvetjum við alla til að stunda íþróttir af kappi því heilbrigð sál býr í hraustum líkama, og hraustur líkami veitir vellíðan. Íþróttaiðkun er mikilvæg forvörn sem stuðlar að ekki síst að auknum félagsþroska. Verum börnum okkar góð fyrirmynd. Eigið gott íþróttarár!

f.h. UMFKjalarness

Fríða Halldórsdóttir

Guðrún Grímsdóttir

Þjálfarar hjá UMFK verða:

Arthúr Jósefsson, íþróttakennaranemi,
badmintonþjálfari, gsm: 694-8311

Marianna Þórðardóttir, íþróttakennaranemi,
fimleikaþjálfari, klappstýru- og Power-sport þjálfari,
gsm: 697-3473

Kristinn Guðmundsson, knattspyrnuþjálfari, gsm:
8974418

Þórður Marelsson, knattspyrnuþjálfari, gsm: 898-7350

FRÉTTIR FRÁ FORELDRAFÉLAGI KLÉBERGSSKÓLA

Nú er foreldraröltið komið af stað aftur.

Tökum höndum saman og röltum saman!

Nýárskveðja frá stjórninni

GLEÐILEGT NÝTT ÁR



BADMINTON

Badminton hefst **þriðjudaginn 13. janúar** og verður Arthúr með æfingarnar á þriðjudögum og fimmtudögum á sama tíma og í haust kl. 15.00-16.00

Æfingagjaldið er kl. 16.000,-

VIÐTALSTÍMAR HVERFISRÁÐS KJALARNESS

Viðtalstímar hverfisráðs Kjalarness eru fyrsta fimmtudag hvers mánaðar kl. 18:30 til 19:30 í Fólkvangi.

Eftirtaldir fulltrúar í hverfisráði verða til viðtals:

5. febrúar 2009

Hólmar Þór Stefánsson og Gunnar H. Gunnarsson

5. mars 2009

Ásgeir Harðarson og Sigríður Pétursdóttir

2. apríl 2009

Marta Guðjónsdóttir og Gunnar H. Gunnarsson

7. maí 2009

Þórir Ingþórsson og Eldey Huld Jónsdóttir

4. júní 2009

Ásgeir Harðarson og Hólmar Þór Stefánsson



FIMLEIKAR

Fimleikarnir hefst **laugardaginn 10. janúar** og verður Marianna með æfingarnar sem hér segir. Nú verður stefnt á 6. þrepið og æft vel fyrir það. Æfingagjaldið verður kr. 16.000, Æft verður í tveimur hópum:

A01: Föstudagar kl 14.30- 15.30

Laugdagar kl 12:00- 13:00

Annar hvor sunnudagur kl 12:00 í

Ármannsheimilinu.

B01: Föstudagar kl 15.30- 16.30

Laugdagar kl 12:40-14:00

Annar hvor


Sunnudagur: 13:00-

14:00 í

Ármannsheimilinu.



KLAPPSTÝRURNÁMSKEIÐ



Æfingar hefst **laugardaginn 17. janúar** kl. 14.30- 16.00 í Íþróttamiðstöðinni Klébergi. Æfingar verða á föstudögum kl. 16.30- 18.00 og laugardögum kl. 14.30-16.00. Þjálfari verður Marianna Þórðardóttir. Afar mikilvægt er að skrá sig í Íþróttamiðstöðinni og/eða hjá Mariönnu í síma 697-3474 fyrir **17. janúar**. Æfingagjaldið er kr. 12.000,- Munið systkinaafsláttinn!.

FÓTBOLTI

Knattspyrna hefst **miðvikdaginn 07. janúar** og verða þeir Kiddi og Þórður með æfingarnar. Stefnt er að móti í Borgarnesi með 6. og 5.flokk og einnig við Skagamenn í febrúar og eflaust verða æfingaleikirnir fleiri.

Æfingagjaldið er:

kr. 16.000 fyrir 7.flokk æft á miðvikudögum kl. 15.00 og laugard kl. 9.00

Kr. 18.000 fyrir 6., flokk og æft á mánud, miðvikud kl. 16.00 og laugard kl. 10.00

Kr 18.000, fyrir 5., og 4. flokk og verða æfingar á mánud, miðvikud kl. 17.00 og laugard kl. 11.00

POWER SPORT

Power sport æfingar verða á laugardögum og hefst **þann 17. janúar**. Æft verður kl. 16.15-17.45 í Íþróttamiðstöðinni.

Æfingagjöld verða kr. 8.000.- Marianna Þórðardóttir sér um þjálfun. Mikilvægt að skrá sig í Íþróttamistöðinni og /eða hjá Mariönnu í síma 697-3474.

Munið systkinaafsláttinn!

NÝÁRSKVEÐJA

Björgunarsveitin óskar Kjalnesingum, Kjósverjum og öðrum velunnurum gleðilegs nýs árs og þakkar fyrir stuðninginn um áramótin.

Flugeldasalan og sýningin á Klébergi gengu að óskum og stefnum við að því að bjóða upp á enn glæsilegri flugeldasýningu um næstu áramót, þegar sveitin heldur upp á 60 ára afmæli sitt. Nú þegar er búið að leggja inn pöntun um samskonar veður og gladdi okkur á síðasta gamlárskvöldi.

Mínum á að enn er hægt að skila inn gömlum gsm-símum í söfnuninni: "Svaraðu kallinu – gamli gemsinn bjargar" að Esjugrund 35. Símarir verða gerðir upp eða endurnýttir á annan hátt, öllum til góðs.



Björgunarsveitin Kjölur

www.bjsvkjolur.is